



SJÁLFSMATSSKÝRSLA ÁLFTANESSKÓLA STARFSMENN SKÓLAÁRIÐ 2019 - 2020



Starfsmenn

- Er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti?
 - Vörður og vegvísir, leiðsagnarmat og vaxandi hugarfarar?
- Ríkir góður starfsandi innan skólans að mat starfsmanna?
- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
 - Er innra mat, ígrundun kennara, félagarýni og endurgjöf virk?

Stjórnun og skipulag

Markmið

- Að stjórnendur sjái um skipulag og bjargir og móti skýra stefnu í samvinnu við starfsmenn, foreldra og nemendur.
- Að upplýsingaflæði til starfsfólks, foreldra og nemenda sé skilvirkt.

Framkvæmd

Í stjórnendateymi Álftanesskóla eru auk skólastjóra aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri í 1.–10. bekk og deildarstjóri stoðþjónustu. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra í forföllum hans og skipta þeir með sér verkefnum eftir því sem við á. Skólastjóri sér m.a. um fjármál, starfsmannamál, Frístundaheimilið, foreldrafélag og stefnumörkun. Aðstoðarskólastjóri sér m.a. um nemendamál, forföll og stefnumörkun. Deildarstjóri almennrar kennslu hefur kennsluskyldu ásamt því að stýra verkefnavinnu og skólaþróun. Deildarstjóri stoðþjónustu heldur utan um og stýrir stoðþjónustu skólans. Í skipuriti á heimasíðu skólans má sjá hvernig stjórnskipulag skólans er byggt upp.

Stjórnendur funda reglulega þar sem þeir skipta með sér verkum, gera áætlanir, miðla upplýsingum og ræða þau mál sem takast þarf á við er varðar daglega stjórnun. Einu sinni í mánuði funda þeir með stigs- og verkefnastjórum og einu sinni í mánuði er fundur með kennurum og öðru starfsfólki. Árgangar funda einu sinni í viku og einnig er fræðslufundur einu sinni í mánuði.

Góður aðgangur er að skólastjórnendum og vinna þeir yfirleitt fyrir opnum dyrum. Skólastjórnendur hafa unnið að stefnu skólans til að gera hana sem skýrasta. Gildi skólans er: Allir eru einstakir.

Mat

Áhersla er á metnað fyrir faglegu skólastarfi þar sem fjölbreytni er í kennsluháttum og að unnin séu sveigjanleg viðfangsefni sem koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Á síðustu skólaárum hefur verið lögð m.a. áhersla á: námsmat, uppeldi til ábyrgðar, fjölbreytta kennsluhætti, kynheilbrigði og velferð, læsi, leiðsagnarmat og vaxandi hugarfarar. Jafnréttisáætlun var endurmetin vorið 2019 og unnið var að stóru þróunarverkefni, ásamt öðrum skólum í Garðabæ, um Leiðsagnarmat, leiðbeinandi kennsluhætti. Fuglafit, rafrænt fréttabréf til foreldra hefur verið gefið reglulega út síðustu ár.

Í Skólapúlsinum, sem mælir meðaltal ýmissa þátta í skólanum (2020) voru starfsmenn spurðir um eftirfarandi þætti: stuðning, forystu, ræktun mannauðs og starfsmannaviðtöl.

Í niðurstöðum meðal starfsmanna kemur fram að stuðningur frá næsta yfirmanni skólans er svipaður og í öðrum skólum á landinu en meðaltal skólans (5,0) og landsmeðaltalið (5,3). Út frá niðurstöðum um þáttinn sanngjörn forysta koma fram svipaðar niðurstöður (5,5) og á landinu (5,3), þá er valdeflandi forysta (4,8) en landið (5,1) og svipuð niðurstaða var í ræktun mannauðs. Í valdeflandi forystu eru starfsmenn með hærra hlutfall en kennarar. Það sama á við ræktun mannauðs. Starfsmannaviðtöl eru eins og landið eða 77,6% en landið 77,8% og gagnsemi þeirra er aðeins meiri hjá öðrum starfsmönnum en kennurum.

Í starfsmannaviðtölum (2020) kom fram að starfsfólk er að leggja sig fram og styðji hvert annað. Starfsandi innan skólans (5,4) er svipaður og í öðrum skólum á landinu (5,3). Spurningar sem mynda matsþáttinn voru:

- Hvernig er starfsandinn í vinnuumhverfinu þínu
- Hvetjandi og styðjandi
- Einkennist af tortryggni og vantrausti
- Afslappaður og þægilegur

Stuðningur frá samstarfsfólki er svipaður og á landinu (4,9), landið (5,1) og stuðningur við nýsköpun (5,0) en landið (5,2). Einn starfsmaður telur vera gerður mismunur meðal starfsmanna þ.e. í framkomu gagnvart körlum og konum og þá í framkomu gagnvart eldri og yngri starfsmönnum. Þá telur einn starfsmaður sig hafa upplifað einelti og einn kennari og einn starfsmaður segjast hafa séð einhvern lagðan í einelti.

Aðgerðir til umbóta

Mikilvægt er að starfsfólk hafi tiltrú á stjórnun skólans. Til þess að auka hana er mikilvægt að kynna vel stefnu skólans, samskipti og að upplýsingastreymi sé gott. Stjórnendur senda út vikulegan póst til starfsmanna. Upplýsingaskjái eru á nokkrum stöðum í skólanum til að koma upplýsingum betur til skila bæði til kennara og nemenda. Þá er gert ráð fyrir að formgera betur innra mat skólans og jafningjamat kennara næstu skólaár og setja betur fram þá þætti sem á að skoða, bæði af samkennurum og stjórnendum.

Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi Álftanesskóla. Við skólann starfa vel menntaðir kennarar með fjölbreytta þekkingu og reynslu. Faggreinakennarar annast list- og verkgreinar. Sérkennarar og þroskajálfarar annast sérúrræði. Virkt starfsmannafélag heldur utan um skipulagðar uppkomur.

Stjórnendur skólans taka starfsmannasamtöl við alla starfsmenn árlega, í þeim samtölum er rætt um hvað gengur vel og hvaða þætti í starfi sínu starfsmaðurinn telur sig þurfa að bæta. Starfsmenn skólans hafa sett sér starfsmannasáttmála.

Starfsmannasáttmáli: *Við berum virðingu fyrir okkur, öðrum og umhverfinu. Við vinnum í sátt og erum samstilltur hópur.*

Að viðhalda þeim góða starfsanda sem er til staðar og efla enn frekar samvinnu og samræðu meðal starfsmanna. Nýta starfsmannaviðtöl og umbótaáætlun til samræðu um starfsánægju og vinnuálag. Mikilvægt er að í umbótaáætlun komi fram hugmyndir starfsmanna. Kennarar telja að skólinn sé í sókn er varðar fagleg vinnubrögð, hafi sterka stefnu í lestri, leiðsagnarmat sé virkt í skólanum og að í skólanum vinni öflugt fagfólk. Kennarar upplifa traust í sinn garð og telja jákvæðni sé höfð að leiðarljósi.

Starfsánægja, líðan og aðbúnaður

Að starfsmönnum líði vel og séu ánægðir í starfi.
 Að góður stuðningur sé við starfsmenn.
 Að stuðla að góðri samvinnu.
 Að starfsmenn hafi aðgang að endurmenntun við hæfi.
 Að virk simenntun sé í samræmi við áherslur skólans, þróun í starfi.

Samstarf

Í Álftanesskóla er mikið lagt uppúr samstarfi kennara. Í samstarfi nýtast hæfileikar hvers og eins nemendum til hagsbóta. Kennarar vinni náið saman með nemendahóp sem þeir bera sameiginlega ábyrgð á hvað varðar nám, líðan og kennslu.

Framkvæmd

Í stundatöflugerð er leitast við að veita umsjónarkennurum tíma fyrir samvinnu. Með stigs- og árgangafundum sé svigrúm til faglegrar samræðu til að samræma vinnubrögð, skipta með sér verkum, þróa starf sitt og læra hver af öðrum.

Reynt er að skapa hlýlegt andrúmsloft á kaffistofu starfsmanna. Starfsmannafélag hefur staðið fyrir ýmsum uppákomum s.s. innri skemmtinefnd, haustfagnaði, jóla- og vorfagnaði, árshátíð o.fl.

Reglulega eru samstarfsfundir árganga og stiga auk kennara- og fræðslufunda. Sérstakir fundir hjá kennurum í þróunarverkefnum, fagstjórum o.s.frv.

Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir aðra hverja viku, þar er fjallað um líðan nemenda og ýmis mál er þá varða. Stjórnendafundir eru vikulega. Kennarafundir, starfsmannafundir (fundir með öðru starfsfólki) og fræðslufundir eru einu sinni í mánuði.

Mat

Í starfsmannaviðtölum metur hver og einn starfsmaður sína frammistöðu í starfi og þá einnig framlag sitt í samstarfi og ræðir það við yfirmann sinn. Allir starfsmenn fá undirbúningsblað og undirbúa sig fyrir viðtalið. Í niðurstöðum úr Skólapúlsinum kemur fram að samvinna um kennslu og samráð um kennslu er svipuð og hjá öðrum kennurum á landinu. Starfsmenn telja sig vinna vel saman (5,7) en landið (5,6) og eru sammála um að hafa samráð um kennslu (5,0) en landið (5,0). Starfsánægja kennara Álftanesskóla er svipuð og hjá öðrum kennurum (5,7) en landið (5,4).

Kennarar vilja gjarnan fá mat og endurgjöf á starf sitt. Með mati er átt við það þegar störf kennara eru skoðuð af skólastjórnendum, utanaðkomandi aðilum eða samstarfskennurum (jafningjum). Með endurgjöf er átt við það þegar kennari fær upplýsingar um niðurstöður slíkrar skoðunar á störfum sínum. Um helmingur telur að skólastjórnendur hafi fylgst með kennslu síðastliðið skólaár.

Aðgerðir til úrbóta

Stefnt er að því að halda áfram að efla hópinn með góðu félagslífi en einnig að styrkja hann í faglegum störfum sínum. Halda áfram að vinna að því efla starfsanda og góð samskipti. Þó er umfram allt mikilvægt að byggja áfram á þeirri góðu þróun sem í heild virðist vera í líðan og viðhorfum starfsmanna. Starfsfólki eru kynntar niðurstöður kannana og greint frá styrk- og veikleikum í skólastarfinu. Niðurstöður ræddar á kennara- og/eða stigsfundum og leitað leiða til úrbóta. Næstu skólaár verður áhersla á innra mat sem felur í sér ígrundun kennara, mat jafningja (félagarýni) og endurgjöf á kennsluhætti.

Starfsánægja og líðan starfsmanna er þáttur í umbótaáætlun. Markvisst verður unnið áfram í að viðhalda góðum anda í skólanum og reyna þannig að stuðla að því að öllum starfsmönnum líði vel.

Skipulag skólastarfs – starfsáætlun

Við skipulag skólastarfsins er unnið út frá lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla (2011) sem skilgreinir og lýsir sameiginlegum námsmarkmiðum sem grunnskólum ber að stefna að og segir til um þann lágmarkstíma sem skólum ber að bjóða nemendum í einstökum námsgreinum og námssviðum.

Skipulag skólastarfsins byggist á stefnu skólans þar sem lögð er áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir einstaklingar sem hafa ákveðin réttindi en jafnframt skyldur og ábyrgð. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að *allir séu einstakir*.

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 29 skal hver skóli gefa út skólanámskrá (sjá lið 3.1) og starfsáætlun. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, vetrarleyfum, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og fl. sem tengist skólastarfinu.

Í öllum grunnskólun Garðabæjar er unnið eftir starfsáætlun sem er endurskoðuð og uppfærð á hverju hausti (sjá heimasíðu skólans).

Markmið

- að efla tengsl við umhverfið í skólastarfinu
- að skóladagurinn sé samfelldur með hæfilegum námslotum, hádegishléi og frímínútum

- að leggja áherslu á list- og verkgreinar
- að veita upplýsingar um starf skólans á viðkomandi skólaári

Framkvæmd

Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum. Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 kennsludögum sem skóli hefur til ráðstöfunar er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt, en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori. Starfsáætlun kemur fram á heimasíðu skólans. Í henni skal m.a. birta upplýsingar um: Skólanámskrá, opnunartíma, viðtalstíma, rýmingaráætlun frímínútur, viðmiðunarstundaskrá, starfsfólk, skólareglur, félagsmiðstöð, nemendaráð, eineltisáætlun, rýmingar- og áfallaáætlun, samstarf leik- og grunnskóla o.fl.

Á stundaskrá eru vinnulotur ýmist 40, 60 eða 80 mínútur. Í upphafi skóladags byrja allir nemendur í 2.–7. bekk á því að lesa í 10–15 mín. Á elsta stigi (8.–10. bekkur) er gert ráð fyrir lesstund í stundatöflu. Þetta er gert til að auka yndislestur hjá nemendum. Allir nemendur hafa opinn aðgang á skólasafnið. Nemendur á yngsta stigi lesa heima á hverjum degi fyrir foreldra/forráðamenn sem kvitta fyrir. Vel er fylgst með lestrargetu nemenda og hún reglulega könnuð með fjölbreyttum aðferðum.

Áhersla er lögð útíkennslu og á vettvangsferðir bæði styttri og lengri, á haustin og vorin. Nemendur í 7. bekk fara í Skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði í eina viku og að vori fara nemendur í 9. bekk í Ungmennabúðir á Laugarvatni.

Í Álftanesskóla eru list- og verkgreinar kenndar í lotuformi. Loturnar eru þannig skipulagðar að hverjum árgangi skólans er skipt upp í fjóra hópa þvert á bekki þar sem það á við. Grunngreinar í lotu eru textílmenn, smíði, myndmennt og heimilisfræði. Fjölgreinar eru einnig kenndar í lotum á miðstigi og eru þannig skipulagðar að hverjum árgangi á miðstig. 5., 6. og 7. bekk er skipt í 3 eða 4 hópa eftir fjölda nemenda. Grunngreinar í fjölgreinum eru m.a. upplýsingamennt, ritun, félagsfærni, sköpun, leiklist og hreyfing/útíkennsla. Allt eftir áherslum hvert ár. Bekkjarkennarar skipuleggja jafnframt ýmis þemaverkefni til skemmri eða lengri tíma og önnur uppbrot í skólastarfinu.

Einu sinni í mánuði á þriðjudögum eru kennarafundir, stigsfundir tvisvar og fræðslufundur einu sinni. Á fimmtudögum eru samstarfsfundir og/eða árgangafundir. Á stundatöflu kennara eru áætlaðar 2x40 mínútur í foreldrasamstarf (viðtöl, símtöl, tölvusamskipti, skráningar). Starfsmannafundir eru annan hvorn miðvikudag og á starfsdögum.

Í Álftanesskóla er lögð áhersla á munnlegan vitnisburð auk skriflegs og er nemendum og foreldrum/forráðamönnum m.a. gerð grein fyrir námsframvindu nemenda í námsviðtölum hjá umsjónarkennara. Samantekt á matsniðurstöðum fer fram í febrúar og júní ár hvert og nemendur fá í hendur skriflegan vitnisburð að vori.

Námsviðtöl eru tvisvar á hverju skólaári. Fyrra námsviðtalið er í október og það seinna í febrúar. Nemendur og foreldrar fá upplýsingar um stöðu nemandans, heimanám, líðan og ástundun. Í viðtalinu er farið yfir þau markmið sem nemandinn hefur sett sér. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að hafa sem oftast samband við skólann með heimsóknum, símleiðis eða með tölvupósti um hvaðeina sem þeir telja að skipt geti máli um líðan og námsgengi barnsins. Reglulega er sent heim rafrænt fréttabréf, þá birtast ýmsar upplýsingar á heimasíðu skólans og facebook síðu skólans.

Mat

Starfsáætlun er lögð fyrir skólaráð og skóladeild Garðabæjar. Endurskoðun og mat á starfsáætlun fer fram að hausti samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarar telja upplýsingamiðlun til foreldra vera góða (5,2) en landið (5,0) og í þeim flokki voru m.a. staðhæfingar:

- ræði við foreldra um námsárangur nemandans
- sendi upplýsingar um námsárangur nemandans til foreldra
- ræði við foreldra um hegðun og/eða líðan nemandans

- sendi upplýsingar um hegðun og/eða líðan nemandans

Aðgerðir til umbóta

Halda þarf áfram að styrkja og efla samvinnu foreldra og skóla með því:

- að nýta sem mest það sem nýr mentor hefur uppá að bjóða
- að þróa samræðu til náms milli nemenda, foreldra og kennara t.d. um mentor, haustfundi, foreldraheimsóknir, samskipti og eiga oftast frumkvæði að samskiptum.

Verklag

Í þessum kafla er fjallað um áherslur skólans og framkvæmd skólastarfsins. Sagt er frá skólanámskrá og markmiðum hennar, greint frá hvort og hvernig skólinn starfar eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og gerð grein fyrir fjölbreyttum kennsluháttum. Jafnframt gerð grein fyrir námsmati, heimasíðu skólans og heilnæmu skólaumhverfi.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir m.a. í 2. gr. "Hlutverk grunnskóla í samvinnu við heimilin er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og stuðla að þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellndri þróun". Í Aðalnámskrá grunnskóla er einnig fjallað um hlutverk og markmið grunnskólans á bls. 8.

Skólanámskrá

Samkvæmt grunnskólalögum nr.91/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla 2011 skal hver skóli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla og útfærsla hennar er samkomulag meðal starfsfólksins t.d. um það hvernig staðið skuli að námi, kennslu og daglegum störfum innan skólans. Henni er ætlað að vera upplýsandi fyrir alla þá er að starfinu koma eða tengjast því á einhvern hátt. Við gerð námskrár er lagt mat á starfseminu og fundnar leiðir til að bæta það sem betur má fara og festa í sessi það sem vel tekst.

Markmið

Markmið skólanámskrár er að birta upplýsingar um:

- skólastarfið, um námsmarkmið, leiðir að þeim og námsmat
- markmið námsgreina og árganga byggð á aðalnámskrá

Hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti. Almenn stefnumörkun er birt í skólanámskrá og upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs skulu birtar í árlegri starfsáætlun. Starfsáætlun lýtur að fyrirkomulagi starfsins og þeim þáttum sem varða starfsmenn og foreldra almennt. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá. Skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu skólans.

Skólastjórnendur sjá um gerð skóladagatala sem síðan er borið undir kennara og skólaráð. Skóladagatal er að finna á heimasíðu skólans: <http://www.alftanesskoli.is/>

Framkvæmd

Endurskoðun skólanámskrár fer fram árlega og sjá stjórnendur og starfsmenn skólans um endurskoðunina. Endurskoðunin stuðlar að sameiginlegri sýn starfsmanna á þau markmið sem lögð eru til grundvallar skólastarfinu og breytast í takt við nýjar áherslur.

Vefur skólans er leið til að koma upplýsingum til foreldra og annarra. Lögð er áhersla á að þar birtist alltaf nýjustu fréttir af skólastarfinu og upplýsingar um ýmis málefni sem foreldrar þurfa að geta flett upp og kynnt sér s.s. um frístund, Elítuna, matarmál, öryggi nemenda o.fl. Auk þess eru jafnan á vefnum ýmsar fréttir úr

skólastarfinu og tilkynningar. Foreldrafélag og foreldraráð eru með eigin vef sem er hluti af vefsíðu skólans. Á fjölskylduvefnum www.mentor.is geta foreldrar nálgast stundaskrár, bekkjarlista, náms- og heimavinnuáætlanir ásamt upplýsingum um ástundun og frammistöðu barns síns.

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, er lögð áhersla á að skýr markmiðasetning sé grundvallarþáttur í skólastarfi. Markmið eigi að vera leiðarvísir í öllu starfi og forsenda áætlanagerða um nám og kennslu. Þau stýri kennslunni og námsmatinu og séu grundvöllur mats á gæði skólastarfs.

Námsáætlun hefur að geyma nánari útfærslu kennara á Aðalnámskrá grunnskóla þar sem fjallað er um það sem nemendum verður kennt/metið. Þar eru sett fram viðmið í viðkomandi námsgrein og leiðir að því að ná þeim auk námsmats. Námsáætlun í hverri námsgrein á að birta á heimasíðu skólans og bæði náms- og kennsluáætlun á Mentor. Kennarar sjá um gerð áætlana hver fyrir sinn árgang þar sem þeir styðjast við Aðalnámskrá grunnskóla.

Mat

Unnið verður markvisst að nýrri uppsetningu og aðlagast nýju umhverfi í mentor. Þar eiga að birtast allar skráningar og upplýsingar um nám og kennslu m.a. námsáætlanir (námslotur) og námsmat. Þá munu nemendur af öllum stigum skoða og nota google classroom.

Aðgerðir til umbóta

Nýjar upplýsingar bætast jafnt og þétt á heimasíðu skólans yfir veturinn. Náms- og/eða kennsluáætlanir endurskoðaðar með tilliti til nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla og allar skráningar og mat birt í mentor. Skólinn kynni fyrir nemendum og foreldrum nýtt útlit á mentor og upplýsingar sem þar verða færðar inn.

Stoðþjónusta – sérkennsla

Í skólanum er leitast við að haga störfum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins í samræmi við það sem fram kemur í 2. grein grunnskólalaga. Stefnt er að því að mæta hverjum nemanda út frá hans eigin forsendum.

Sérkennsla getur falið í sér breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluáferðum miðað við skipulag námshópa á sama aldri. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans.

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt reglugerð um grunnskóla. Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráði er ætlað að fjalla um mál einstakra nemenda sem hafa verið lögð fyrir ráðið. Umsjónarkennarar vísa málum skriflega til ráðsins til að leita eftir stuðningi, samvinnu eða ráðgjöf vegna vanda nemenda sinna. Í því sitja námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, fulltrúi fjölskyldusviðs Garðabæjar, fulltrúi frá Heilsugæslu Garðabæjar, deildarstjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, aðstoðarskólastjóri og skólastjóri. Ráðið heldur fundi hálfsmánaðarlega.

Markmið

- að mæta mismunandi námsþörfum nemenda og að þeir fái markvissa kennslu við hæfi
- að gefa nemendum kost á rólegu umhverfi þar sem þeim gefst færi á að ræða við fullorðinn einstakling og stunda námið einstaklingslega eða í fámennum hópi
- að ýta undir vellíðan og áhuga nemenda
- að efla sjálfstraust og öryggi nemenda
- að þjálfa sjálfstæð vinnubrögð nemenda
- að auka færni nemenda í daglegum samskiptum og námstækni

Framkvæmd

Stefna skólans er að sem flestir nemendur stundi námið með jafnöldrum. Einnig er um að ræða tveggja kennara kerfi þar sem umsjónarkennari fær aðstoð annars kennara nokkra tíma á viku til stuðnings vegna ákveðinna nemenda. Hins vegar koma sumir nemendur reglulega í *Námsverið* til að fá kennslu einstaklingslega og/eða í litlum hópum.

Nemendur sem stunda nám í *Námsverinu* geta ýmist verið þar til skemmri eða lengri tíma, samtímis því að vera í sínum árgangi. Nemendur vinna námsefni árgangsins alla jafna en námsefnið er aðlagð eftir þörfum og notast við einstaklingsáætlun þar sem við á. Kennsla getur farið fram á mismunandi stöðum allt eftir viðfangsefnum, t.d. bókasafni, verkgreinastofum o.s.frv. Kennarar í Námsveri starfa í nánu samstarfi við umsjónarkennara þeirra nemenda sem njóta þar þjónustu.

Ef þau almennu námsmarkmið, námsefni, námsaðstæður eða kennsluaðferðir sem ríkja í skólanum henta nemendum ekki fá þeir stuðning/sérkennslu í lengri eða skemmri tíma. Umsjónarkennari, sérkennari, þroskaþjálfari og fleiri meta hvort barn þurfi sérkennslu.

Nemendur búa yfir margvíslegri færni en þegar upp kemur vandi hjá einstökum nemendum eða námshópum er lögð áhersla á að vandinn sé rétt skilgreindur, greindur og úrræði valin í samræmi við niðurstöður greiningar. Lögð er áhersla á ábyrgð nemenda á eigin námi m.a. með sveigjanlegum kennsluháttum sem taka mið af mismunandi hæfni nemenda. Lögð er áhersla á að vinna með sterkar hliðar allra nemenda og styrkja þannig sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra allra s.s. með aðferðum „Uppeldi til ábyrgðar“, leiklist, félagsfærni og námskeiðum í sjálfstyrkingu og námsaðlögun.

Í skólanum eru árlega lagðar fyrir skimanir á stöðu nemenda, auk annars námsmats. Niðurstöður skimana eru notaðar til að meta þörf fyrir sérkennslu eða annan stuðning og gerður er samanburður á milli ára, bæði innan árgangs og milli árganga. Skimunarpróf eiga alltaf að fara fram í samráði við sérkennara og deildarstjóra sérkennslu. Greiningar- eða skimunarpróf eru lögð fyrir á skólaárinu af deildarstjóra sérkennslu, sérkennara og/eða umsjónarkennara. Markmið prófanna er fyrst og fremst að sjá stöðu hvers nemanda og bregðast fljótt við ef nemendur þurfa stuðning.

Við skólann starfar námsráðgjafi (sjá má helstu verkefni hans á heimasíðu skólans undir tenglinum Stuðningur: Námsráðgjafi).

Aðlagð námsefni og mat

Umsjónarkennari í samvinnu við sérkennara aðlagar námsefni að þörfum nemenda. Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um námstöðu barna sinna og viti að nemandinn sé með aðlagð námsefni. Einstaka nemendur þurfa stuðning í prófum, þ.e. sérútbúin próf, munnleg próf eða að nota tölvur í prófum þ.e. að sníða námsefnið og námsmatið að getu nemenda bæði hvað varðar lengd og þyngd.

Mat

Fjárhagsrammi, kennslumagn, skipulag hópa. Að mati kennara er mikilvægt að endurmeta kennsluna og gera áætlanir.

Í Skólapúlsinum voru kennarar spurðir hversu mikinn stuðning þeir fengu vegna nemenda með námsörðugleika og er meðaltal skólans (5,4) og landsmeðaltal (5,3). Í þeim flokki voru m.a. staðhæfningar:

- Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum í kennslustofunni.
- Ég hef aðgang að öðrum kennara og öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum utan kennslustofunnar.
- Ég hef aðgang að ráðgjöf sérfræðinga (t.d. sérkenna eða talkennara) sem geta leiðbeint mér í vinnu minni með þeim nemendum.

Þá voru kennarar spurðir hversu mikinn stuðning þeir fengu vegna nemenda með hegðunarörðugleika. Í niðurstöðum er meðaltal skólans (5,4) en landsmeðaltal (5,4). Í þeim flokki voru m.a. staðhæfningar:

- Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum í kennslustofunni
- Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum utan kennslustofunnar
- Ég hef aðgang að ráðgjöf sérfræðinga sem geta leiðbeint mér í vinnu minni með þeim nemendum

Aðgerðir til úrbóta

Mikilvægt er að halda áfram að nýta vel niðurstöður skimana og kannana til þess að endurmeta kennsluna og gera áætlanir um framhaldið. Halda áfram að vinna að því að koma sem best til móts við þarfir nemenda. Skólinn þarf að nýta það kennslumagn sem hann hefur til sérkennslu eins vel og hægt er.

Fjölbreyttir kennsluhættir

Í Álfthanesskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti í samræmi við einstaklingsmiðað nám. Áhersla er lögð á aukna tölvunotkun og upplýsingaleit við vinnu verkefna, öflugra list- og verkgreinakennslu, sköpun og frumkvæði og fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir.

Gagnkvæm virðing er forsenda jákvæðra samskipta og nauðsynlegt er að starfsfólkið sýni gott fordæmi í þeim efnum. Reynt er að stuðla að því að öllum geti líðið vel í skólanum.

Starfsmenn skólans leggja sig fram við að eiga jákvæð samskipti við heimilin og hvetja foreldra til þess að hafa samband þegar þeim liggur eitthvað á hjarta. Þegar heimili og skóli leggjast á eitt má búast við betri líðan nemenda, auknu öryggi og betri námsárangri.

Mannleg samskipti og ábyrg hegðun eru grunnþættir í skólastarfinu, og að forsenda náms sé að nemendum líði vel í skólanum. Reynt er að leggja áherslu á tengsl við umhverfið í skólastarfinu.

Skólastarfið fer að hluta til fram utandyra og er gert ráð fyrir því að allir nemendahópar séu að lágmarki eina kennslustund í útikennslu á viku. Útikennsla stuðlar að því að nemendur tileinki sér ábyrgan lífsstíl og virðingu gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi sínu.

Markmið

- að viðfangsefni nemenda séu fjölbreytt og skapandi
- að námsmat sé fjölbreytt og uppbyggjandi
- að nemendur læri að setja sér markmið og sýni sjálfstæði í námi
- að nemendur skipuleggi námið í sameiningu með kennara
- að nemendur öðlist ábyrgð á námi og starfi

Framkvæmd

Fjölbreyttar kennsluáðferðir eiga að koma til móts við nemendur, þannig að sterkar hliðar hvers nemenda nýtist. Nemendur eru ólíkir, tileinka sér því nám á mismunandi hátt en námslegar þarfir einstakra nemenda geta þó verið þess eðlis að þörf sé á einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópi um lengri eða skemmri tíma. Þeir nemendur eiga kost á að sækja nám í námsveri. Fjölbreytt námsgögn eru í boði fyrir nemendur auk aðgangs að bókasafni og tölvukosti skólans. Áhersla hefur verið lögð á útivist og að nýta umhverfið til kennslu og náms. Sjá töflu.

Fjölbreyttir kennsluhættir og námsaðlögun

| | Markmið | Framkvæmd | Ábyrgð og mat |
|-----------------------------------|---|---|--|
| Kennsluhættir | Að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar, tekið sé tillit til ólíkra þarfa nemenda og námsumhverfið sé aðlaðandi. Að nemendur fái krefjandi verkefni við sitt hæfi. Að hefðir og verklagsreglur séu aðgengilegar og reglulega endurskoðaðar. | Fjölbreytt viðfangsefni. Fjölgreinalotur, listalotur, hópaskipting, fjölbreytt val á valgreinum, þátttaka nemenda í ýmsum viðburðum, jákvætt umhverfi. Skólanámskrá. | Viðhorfskönnun meðal nemenda. Skólapúlsinn. (Viðhorfskönnun meðal foreldra-/forráðamanna) og kennara). Könnun, umræður, miðlun meðal starfsmanna. Matsteymi. |
| Námslegar kröfur | Að veita nemendum góða þekkingu. Að efla sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu. | Reynt sé að aðlaga námið að þörfum nemenda. Stöðugt mat. Niðurstöður samræmdra prófa greindar. | Könnun meðal starfsmanna. Greining á niðurstöðum samræmdra prófa. Deildarstjórar. |
| Starfsumhverfi | Að kenna nemendum ábyrgð og lýðræðisleg vinnubrögð. | Uppeldi til ábyrgðar. Bekkjásáttmáli, mitt og þitt hlutverk. | Umræður og skrifleg könnun meðal starfsmanna. Stjórnendur. |
| Virk þátttaka nemenda | Að kenna nemendum að setja sér markmið. Að meta sjálfir námið. Að vera virkir í starfi og leik. | Sjálfsmat, markmiðssetning, áætlanagerð. Uppeldi til ábyrgðar. Fastir bekkjafundir, mitt og þitt hlutverk o.s.frv. Kennsla í félagsmálafræðival. Stuðningur við nemendafélag. | Viðhorfskönnun. Skólapúlsinn. Deildarstjóri. Matsteymi. |
| Útikennsla Vettvangsferðir | Að nemendur fái reglulega hreyfingu og að útivist verði hluti af daglegu starfi. Að nemendur læri við raunverulegar aðstæður. | Fastur tími á viku í hverjum árgangi – val á unglíngastigi. Nemendur skoði nærumhverfi, ákv. ferðir í hverjum árgangi. | Könnun meðal starfsmanna. Stundaskrá. Val á unglíngastigi. |
| Námsmat | Að matsaðferðir séu fjölbreyttar, tekið sé tillit til ólíkra þarfa nemenda. | Umræður, endurmat kennara og stjórnenda. | Unnið úr spurningum, umræðum kennara, metin og skoðuð ýmis skrifleg verkefni, mat og gögn kennara. Stjórnendur. |

Kennarar telja vera meiri áhersla á heimanám í Álftanesskóla en í öðrum skólum. Tími í heimanám er að meðaltali 46,9 mín., en landið 41,4 mín.

Kennarar eru hvattir til að fylgjast vel með allri þróun og nýjungum og eru stjórnendur virkir í að hvetja þá áfram við að próa fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir. Á síðustu árum hafa verið unnin fjölbreytt verkefni (sjá endurmenntunaráætlanir á heimasíðu skólans).

39,3% kennara leggur áherslu á hópavinnu en landið 35%. Þá leggur rúmlega fimmtungur kennara Álftanesskóla þ.e. 26,7%, áherslu á einstaklingsvinnu í bekk en 31,5% kennara á landsvísu. Spurningar sem mynda matsþáttinn voru:

- nemendur vinna sjálfstætt eftir áætlun eða markmiði sem þeim var sett fyrir
- nemendur vinna einir og sjálfstætt að markmiði sem þeir settu sér sjálfir

Rúmlega helmingur (53,1%) kennara lagði áherslu á einstaklingsmiðaða kennslu sem er svipað og landið (54,3%).

Kennsluaðferðin „Vörður og vegvísir“ hefur verið innleidd í Álftanesskóla og hefur verið fest í sessi á yngsta og miðstigi skólans. Þá hafa á síðustu árum verið lögð áhersla á leiðsagnarmat og leiðbeinandi kennsluhætti.

Aðgerðir til úrbóta

Lögð verði áhersla á:

- að halda áfram að vinna með skipulag og kennsluhætti í „Vörður og vegvísir“
- að skoða betur agavandamál og finna lausnir fyrir ákveðna árganga
- að halda áfram að efla lestur og lesskilning nemenda og stuðla að fjölbreyttri stærðfræðikennslu

Námsmat

Meginhlutverk námsmats er að afla upplýsinga um námsferlið, árangur náms og kennslu á fjölbreyttan og markvissan hátt og nota niðurstöður til leiðsagnar í kennslu og öðru starfi skólans og miðla þeim á merkingarbæran hátt til nemenda, aðstandenda þeirra og samkennara. Í Álftanesskóla er lögð áhersla á að gefa nemendum sem best til kynna hvað lagt er til grundvallar matinu; námsmatið sé hvetjandi, greinandi og leiðbeinandi. Þegar lagt er mat á frammistöðu eða framfarir nemenda, með hliðsjón af hæfniviðmiðum skólans, skal fyrst og fremst miðað við þann nemanda sem í hlut á. Þá eru metnar framfarir nemandans og árangur miðað við hans eigin hæfileika og getu. Námsmat í Álftanesskóla á sér stað jafnt og þétt á námstímanum (stöðugt mat). Í Álftanesskóla er litið á skólaárið sem eitt námsmatstímabil.

Í öllum námsgreinum eru metanleg hæfniviðmið skilgreind í mentor þar sem matið er á kvarðanum (0 – 4): **framúrskarandi hæfni, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð**. Hæfniviðmið aðalnámskrár í hverri námsgrein fyrir sig eru sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat eiga að byggja á.

Markmið

- að kanna að hve miklu leyti nemandi hefur náð tilskyldum viðmiðum
- að upplýsa nemanda og foreldra um hans námsstöðu
- að matið sé leiðbeinandi og hvetjandi
- að greina hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda
- að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geta náð settum markmiðum

Framkvæmd

Meginhlutverk námsmats er að afla upplýsinga um námsferlið, árangur náms og kennslu á fjölbreyttan og markvissan hátt og nota niðurstöður til leiðsagnar í kennslu og öðru starfi skólans og miðla þeim á merkingarbæran hátt til nemenda, aðstandenda þeirra og samkennara.

Náms- og ferilmöppur

Í 1.–6. bekk er námsmat byggt meðal annars á náms- og ferilmöppu nemenda með það að leiðarljósi að nemendur fái stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um hvernig þeir geti lagt mat á eigin vinnu og bætt sig. Nemendur safna niðurstöðum prófa og mati á verkefnum sínum í möppur yfir allt skólaárið sem

auðveldar þeim, foreldrum og kennurum að fá yfirsýn yfir námsframvindu þeirra. Fjórum til sex sinnum á skólaárinu fara nemendur í 2. – 6. bekk heim með möppurnar. Náms- og ferilmöppur er bæði ætlað til mats og samræðna foreldra og nemenda um nám nemandans.

Námsviðtöl

Námsviðtöl eru tvisvar á skólaárinu, í október og febrúar þar sem rætt er um líðan og samskipti. Í janúar er farið yfir námsframvindu nemenda. Lögð er áhersla á að samtölin séu leiðbeinandi bæði fyrir foreldra og nemendann.

Náms- og kennsluáætlun

Í náms- og kennsluáætlun hvers árgangs kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar í öllum námsgreinum og gerð er grein fyrir viðfangsefnum nemenda og námsmati. Í námsferlinu er metin frammistaða nemenda og ýmis afrakstur s.s. sjálfstæð verkefni, verkefnabækur, ritunarverkefni, kynningar, myndverk o.s.frv. Fylgst er með nemendum að störfum og meðal annars metnir þættir eins og sjálfstæði, samvinna, félagsfærni, vinnuvenjur og ástundun.

Lykilhæfni

Lykilhæfniþættirnir eru skilgreindir á hverju aldurstigi fyrir sig (yngsta stig, miðstig, elsta stig) og þannig gerðir aðgengilegir fyrir foreldra og nemendur. Lykilhæfnin felst ekki einungis í frammistöðu í tímum heldur einnig í því hvernig nemendur standa sig í skólanum almennt, í félagslífi, frímínútum o.s.frv.

Leiðsagnarmat

Samkvæmt aðalnámskrá þurfa kennarar að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Til að ná slíku fram skal leggja áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, jafningjamat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri. Áhersla er lögð á að nemendur séu þátttakendur í námsmatsferlinu og að endurgjöf sé regluleg í námsferlinu, hafi skýran tilgang, sé greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að bera sig við og meta hvort þeir hafi náð árangri. Leiðsagnarmat á að vera í þágu náms og niðurstöður þess eru ekki að notaðar í lokamati (lokæinkunn) nemenda að vori.

Lokamat

Lokamat hefur þann megintilgang að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námstíma / skólaársins. Matsaðferðir við lokamat ákvarðast af hæfniviðmiðum aðalnámskrár en matið er oftast byggt á skriflegum prófum eða fjölbreyttum verkefnum nemenda. Niðurstöður einstakra verkefna og prófa eru birtar inni á mentor ásamt tilteknum hæfniviðmiðum sem unnið er með. Við skil á verkefnum og prófum fylgir leiðbeining (endurgjöf) ýmist í formi samtals eða umsagnar. Lögð er áhersla á að í tengslum við þau verkefni og próf sem lögð eru fyrir nemendur sé ljóst hvaða hæfniviðmið er verið að meta hverju sinni og við hvaða matskvarða hæfniviðmiðin tengjast.

Elsta stig 8.–10. bekkur

Við lok skólaársins eru allir nemendur á elsta stigi (8.–10. bekkur) metnir á sama hátt þannig að allar einkunnir eru í bókstöfum en í valgreinum fá nemendur lokið / ólokið. Við lok skólaársins hafa nemendur fengið mat á hvert hæfniviðmið í hverri námsgrein.

Skil á niðurstöðum lokaverkefna nemenda og lokaprófa eru birtar með bókstaf. Texti matsviðmiða úr námskrá er notaður þegar hæfni nemenda er metin. Gefið í bókstöfum í verkefnum og prófum (A,B,C,D). Ekki er til lýsandi texti fyrir B+ og C+ og því eru B+ og C+ ekki notuð í fyrirgjöf fyrir einstök verkefni eða próf. Lögð er áhersla á leiðsögn og endurgjöf við skil verkefna.

Yngsta- og miðstig 1.–7. bekkur

Lokamat nemenda í 1.–7. bekk er í umsögnum. Í Álftanesskóla er lögð áhersla á samræmd viðmið í umsögnum. Við lok skólaársins hafa nemendur fengið mat á hvert hæfniviðmið í mentor í hverri námsgrein í mentor.

List- og verkgreinar 1.–9. bekk

Hver nemandi er eina lotu í hverri list- og verkgrein og fær niðurstöður námsmats í viðkomandi námsgrein að henni lokinni. Í lok skólaársins eru hæfniviðmið og mat á viðfangsefnum nemenda höfð til hliðsjónar við lokamat þeirra í viðkomandi námsgrein. Við lok skólaársins fá nemendur umsagnir og mat á hvert viðmið í hverri námsgrein í mentor.

10. bekkur

Ef nemandi nær ákveðnum námsþáttum í list- og verkgrein við lok grunnskóla er tiltekinni hæfni náð. Ekki þarf að ná þessum þáttum í öllum list- og verkgreinum. Matsviðmið aðalnámskrár taka mið af öllum list- og verkgreinum. Í **10. bekk** er gefin einkunn (bókstafur) fyrir listgrein og önnur einkunn fyrir verkgrein.

Íþróttir og sund 1.–9. bekk

Í lok skólaársins eru hæfniviðmið og mat á viðfangsefnum nemenda höfð til hliðsjónar við lokamat þeirra í viðkomandi námsgrein. Við lok skólaársins fá nemendur umsagnir og mat á hvert viðmið í hverri námsgrein í mentor. Í **10. bekk** er gefin ein einkunn (bókstafur) fyrir bæði íþróttir og sund (skólaíþróttir).

Starfsmönnum skóla ber að gera nemendum og forráðamönnum grein fyrir því mati sem fram fer í skólanum. Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburð einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó er heimilt að veita fræðslufirvöldum þessar upplýsingar og öðrum vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

Mat

Námsmat kennara með prófum (13,3%) er svipað og á landinu (13%). Kennarar leggja meiri áherslu á mat með öðrum aðferðum (84,8%) og aðrir kennarar á landinu (75,5%). Meiri áhersla er á leiðsagnarmat í Álftanesskóla en í öðrum skólum (96,7%) en landið 85,1%. 60% kennara í Álftanesskóla leggja mikla áherslu á leiðsagnarmat en það gera þriðjungur kennara í öðrum skólum á landinu. Kennarar skólans leggja þar af leiðandi meiri áherslu á jafningjamat og sjálfsmat en landið. Helmingur kennara leggja mikla eða nokkra áherslu á jafningjamat en landið 39,7% og um fimmtungur mikla áherslu á sjálfsmat en 7,6% á landinu og 43,3% nokkra áherslu en landið 0,1%.

Aðgerðir til úrbóta.

Endurskoða þarf skipulag námsmats með tilliti til skipulags og skráningar í mentor. Þá er vilji að stjórnendur og kennarar vinni áfram markvisst með leiðsagnarmat og endurskoði fyrirkomulagið á lokamati. Eins og síðustu skólaár verður áfram lögð áhersla á uppbyggilegar umsagnir, áreiðanlegar matsaðferðir, fjölbreytni í mati, að fylgst markvisst með framförum nemenda og lokavitnisburð nemenda í 10. bekk (hæfniviðmið, matsviðmið, A-D kvarðann). Unnið áfram með að innleiða leiðsagnarmat og leiðbeinandi kennsluhætti.

Lögð verði áhersla á:

- að halda áfram að meta og móta fjölbreyttar leiðir
- að skoða framkvæmdina og hversu vel gengur að samræma námsmatið á hverju stigi
- nota mentor við skráningu og miðlun upplýsinga um niðurstöður mats

Símenntun kennara

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 í 12. grein kemur fram að hver skóli móti áætlun að frumkvæði skólastjóra til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli háttað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitafélagsins og Aðalnámskrár. Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.

Starfsmannahópurinn er nokkuð stöðugur. Í starfsmannaviðtölum kemur fram að almennt er góður starfsandi og möguleikar á að leita til einhvers á vinnustaðnum þegar upp koma vandamál tengd starfinu.

Endurmenntun starfsmanna

| | Markmið | Framkvæmd – leiðir | Ábyrgð og mat |
|-------------------------------|---|--|--|
| Endurmenntun | Að starfsmenn hafi aðgang að endurmenntun við hæfi. Að virk símenntun sé í samræmi við áherslur skólans, þróun í starfi. | Í samræmi við endurmenntun – áætlun. Megináhersla á tiltekna þætti. Starfsmenn velja einnig námskeið að eigin ósk. | Könnun meðal starfsmanna. Námsferðir, ráðstefnur, fyrirlestrar o.s.frv. Starfsmannaviðtöl. |
| Þróun í starfi | Að starfsmenn taki þátt í mótun starfs og stefnu skólans. | Almenn þátttaka í starfsmannastefnu. Mat hópsins á tilteknu viðfangsefni. | Könnun meðal starfsmanna. Umræður og áætlun. Starfsþróunaráætlun. |
| Áætlun um endurmenntun | Að starfsmenn eigi þess kost að meta árangur skólastarfsins. Að styðja starfsmenn í starfi og þróun skólastarfsins. Að starfsmenn læri hver af öðrum bæði á vettvangi og samstarfsfundum. | Starfsmenn miðli þekkingu sín á milli. Afla styrkja til þróunarverkefna. Regluleg fræðsla. | Könnun meðal starfsmanna. Umæður og niðurstöður verkefna kynntar. Skólapúlsinn. Skrifstofustjóri. Stjórnendur. |

Markmið

(sjá töflu hér að ofan).

Framkvæmd

Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana. Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri eru skólastjóra til aðstoðar og starfsfólk tekur þátt í að móta hana. Megináherslur í símenntun skólans má sjá í töflu. Auk þess eru ýmis örnámskeið og fyrirlestrar sem valdir eru af stjórnendum eða kennurum. Þá fara öðru hvoru fram kynningar á starfi árganga/eða hópverkefnum nemenda.

Mat

Endurmenntunaráætlun skólans liggur fyrir við matið þar sem tilgreindar eru helstu áherslur, tilgangur, tími o.s.frv. Nánari útfærslum á framkvæmd símenntunar fyrir skólaárið er ekki lýst í áætluninni. Stjórnendur skipta á milli sín samtölum við starfsmenn þar sem þeir skila óskum um áherslur næsta skólaárs.

Kennarar Álftanesskóla telja skólann leggja mikla áherslu á símenntun. Kennarar (5,4) hafa sömu þörf fyrir símenntun og aðrir kennarar á landinu (5,3). Þá helst í inntaki og markmiðum aðalnámskrár, námsmati, upplýsingamennt, kennslu nemenda með hegðunarvanda, ráðgjöf til nemenda og nýjungar og þróun kennsluhátta.

37,5% kennara hefðu viljað meiri endurmenntun síðusta skólaár en landið (50,6%). Helstu hindranir í endurmenntun telja kennarar vera að hún er of kostnaðarsöm, ekki vera nægjanlega margir áhugaverðir kostir í boði. Helmingur kennara skólans telur ekki vera nægjanlegt svigrúm fyrir endurmenntun en landið 67,3% eru sammála því. Það form sem hentar kennurum best eru fyrirlestrar 79,4% en landið 71,6%, 70,6%, ráðstefnur og málstofur en landið 47,6%, samstarfsverkefni með kennurum skólans (50%) en landið 42,5%. Þá eru 73,5% kennara sammála um að námskeið henti vel en landið 73,2%.

Aðgerðir til umbóta

Þróunarstarf skólans byggir sem mest á samvinnu og skipulagningu starfsmannahópa. Halda þarf áfram með vinnu við lestur og ritun, stærðfræði, námsmat og efla vinnu við mat á innra starfi. Starfsmenn eru hvattir til að þessa að sækja símenntun sem tengjast þeirra viðfangsefni innan og utan skólans. Aðgerðir til að efla og viðhalda góðum starfsanda er þáttur í umbótaáætlun skólans og unnið er markvisst að því að viðhalda og bæta þann árangur sem náðst hefur. Næsta skólaár verður lögð áhersla á mat á hæfniviðmiðum skólans, námslotur í nýjum mentor, leiðsagnarmat og vaxandi hugarfar, stærðfræði og uppeldi til ábyrgðar (sjá má endurmenntunaráætlanir síðustu skólaára á heimasíðu skólans).

Umræða og greining á stöðu skólans

Starfsmenn

Fjallað um styrk- og veikleika Álftanesskóla út frá eftirfarandi spurningum:

- Er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti?
 - Vörður og vegvísir, leiðsagnarmat og vaxandi hugarfar? Er innra mat, ígrundun kennara, félagarýni og endurgjöf virk?
- Ríkir góður starfsandi innan skólans að mat starfsmanna?
- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?

Stjórnun og starfsandi

Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun? Ríkir góður starfsandi innan skólans að mat starfsmanna?

Til að styrkja skólastarfið er starfsmönnun gert kleift að sinna símenntun sem miðar að þeirra eigin áhugasviði. Að auki er sameiginleg símenntun sem tengist annars vegar nauðsynlegri almennri þekkingu starfsfólks s.s. námsmat, læsi, Uppeldi til ábyrgðar og hins vegar sértækri þekkingu sem þörf er á t.d. vegna þróunarstarfs. Starfsmenn telja sig vinna vel saman og hafa gott samráð um kennslu. Starfsánægja kennara Álftanesskóla er svipuð og hjá öðrum kennurum (5,7) en landið (5,4). Meirihluti starfsmanna er sáttur við stjórnun skólans. Skólastarfið þarf sífellt að vera í endurskoðun og breytingaferli, þar sem þarfir og áherslur breytast á hverju ári með nýjum nemendum, nýrri þekkingu og nýjum aðstæðum. Sýn hvers skóla hlýtur því að mæta sem best þörfum allra þeirra sem að skólanum koma hverju sinni og takast á við breytt samfélag og breyttar kröfur á sem bestan hátt.

Kennsluhættir og þróun

Er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti í skólanum?

Kennsluaðferðir eru í stöðugri þróun og endurskoðun. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla verið lögð á þróun í íslenskukennslu og að gera kennsluna heildstæðari með breyttum kennsluáttum. Sú vinna hefur

hlotið þróunarstyrki. Sú stefna var tekin vorið 2012 að efla fræðslu á lestrarnámi bæði til foreldra og starfsmanna og hefur sú fræðsla fest sig í sessi. Haustið 2013 var kennsluaðferðin „Vörður og vegvísir“ innleidd í Álftanesskóla. Umsjónarkennarar á yngsta og miðstigi hafa haldið vel utan um skipulag þess og verkefni með það að markmiði að byggja upp upplýsingabanka fyrir komandi ár. Fjölbreytt þróunarverkefni hafa verið unnin á síðustu skólaárum s.s. markþjálfun, vinaliðar, leiðbeinandi kennsluhættir og leiðsagnarmat, vaxandi hugarfar, sérkennsla o.fl. Kennsluhættir eru því með fjölbreyttu sniði í skólanum og sífellt er leiðað leiða til að gera enn betur.

Samstarf er gott í skólanum og þróunarteymi hafa verið að störfum á hverju skólaári. Fjölbreytt þróunarverkefni hafa verið unnin og innleidd í skólastarfinu. Sumt hefur orðið hluti af skólastarfinu og annað ekki. Með þessari vinnu er skólastarfinu haldið lifandi og komið í veg fyrir stöðnun. Það að skólastarfið sé í sífældri endurskoðun og nýjar hugmyndir teknar til athugunar styrkir sýn skólans á hvernig starfshættir eiga þar að vera stundaðir og gefur færi á að velja og hafna úr fjölbreytilegu úrvali. Skólinn hefur styrkst á síðustu árum þar sem skólinn hefur markað sér skýra stefnu m.a. í læsi, fjölbreyttum kennsluháttum og námsmati. Á næstu árum verður unnið með fjölbreytt verkefni sem hafa áhrif á sýn skólans, eins og skráningar í mentor, leiðsagnarmat, stærðfræði og ritun þ.e. fjölbreytni í kennsluháttum.

Sterkir og veikir þættir í skólastarfinu – samantekt

Sterkir þættir

Lögð er áhersla á:

- að koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda
- að skólinn vinni eftir Uppeldi til ábyrgðar sem skili sér í jákvæðum skólabrag
- leiðsagnarmat
- að þróunarstarf sé virkt og unnið að fjölbreyttum þróunarverkefnum
- faglegt samstarf kennara og endurmenntun
- góðan starfsanda
- skólinn vinni að sameiginlegri sýn allra á leiðbeinandi kennsluháttum

Veikir þættir

Leggja þarf meiri áherslu á að:

- bæta kennslu í fjölbreyttum kennsluháttum s.s. stærðfræði, ritun o.fl.
- endurskoða skólareglur, gera þær skýrari og vinna með agamál einstaka árganga
- auka innra mat og jafningjafræðslu meðal kennara

Stefnukort Álftanesskóli

„Uppeldi til ábyrgðar“

Umhyggja, kærleikur, virðing

Hlýlegt námsumhverfi og vellíðan nemenda

| | | | | |
|-----------------|--------------------------------|---|--|-----------------------------|
| Skólasamfélagið | Stöðugar framfarir og árangur. | Nemendur upplifi öryggi og líði vel í skólanum. | Nemendur verði sjálfstæðir og ábyrgir. | Samstarf heimilis og skóla. |
|-----------------|--------------------------------|---|--|-----------------------------|

Fjölbreytt og skapandi nám

| | | | | |
|-------------|---|------------------------------------|---------------------------------|-------------------|
| Innra starf | Skapandi og fjölbreyttir kennsluhættir. | Skilvirkt og gott upplýsingaflæði. | Vistvænt og hvetjandi umhverfi. | Faglegt samstarf. |
|-------------|---|------------------------------------|---------------------------------|-------------------|

Hlýlegt umhverfi og gott viðmót

| | | | |
|-----------|---|--------------------------------------|-------------------------|
| Mannauður | Ánægðir starfsmenn sem hafa sjálfstæði. | Starfsmenn sem sýna ábyrgð í starfi. | Fjölbreytt starfsþróun. |
|-----------|---|--------------------------------------|-------------------------|

Umhverfissjónarmið í rekstri og umgengni

| | | |
|---------|---------------------------------|------------------------------|
| Fjármál | Góð og hagkvæm nýting fjármuna. | Stuðla að vistvænum rekstri. |
|---------|---------------------------------|------------------------------|

Vinátta, vísindi og listir.

Allir eru einstakir.